

**Nr. 051/ 09 Herjólfur*****Skipverji slasast á fæti***

Skipaskr.nr. 2164  
Smíðaður: Noregi 1992, stál  
Stærð: 2222,4 brl. 3354 bt  
Mesta lengd: 70,7 m Skráð lengd: 67,6 m  
Breidd: 16,0 m Dýpt: 10,7 m  
Vél: Man B&W 5400 kw, 1992  
Áhöfn: 14



Herjólfur©Hilmar Snorrason

**Gögn:**

Gögn RNS  
Slysaskýrsla frá skipi

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 2. nóvember 2009 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 3. apríl 2009 var Herjólfur við bryggju í Vestmannaeyjum.

Dráttarbifreið var að draga tengivagn út úr skipinu þegar hann losnaði úr festingu og byrjaði að renna aftur úr stólnum. Bílstjórinn reyndi þá að bakka bifreiðinni undir tengivagninn aftur svo vagninn dytti ekki. Skipverji sem sá hvað var að gerast stökk þá til og reyndi að aftengja bremsuslöngu á tengivagninum, sem hefði þá stöðvast samstundis, en tókst það ekki. Stöðvaðist tengivagninn af sjálfu sér en þá lenti hægri fótur skipverjans undir afturhjóll dráttarbifreiðarinnar.

Skipverjinn var í öryggisskóm og reyndist eftir skoðun bæði marinn og bólginn en óbrotinn.

**Við rannsókn kom fram:**

- að vagninn var mjög þungur;
- að dráttarbíllinn var kominn með tengivagninn í halla þegar hann losnaði úr festingunni;
- að bílstjórinn sagðist hafa fengið merki frá skipverjanum um að tengivagninn væri læstur en slasaði sagði að bílstjórnir fylgdust sjálfir með því hvort lásinn væri á eða ekki;
- að bremsuslangan var fremst á vagninum og aðeins til hliðar. Þess vegna stökk skipverjinn til en hann kvaðst hafa gert þetta nokkrum sinnum áður þegar bílstjórar hefðu gleymt að setja bílana í handbremsu;

- að bílstjórinn ákvað að bakka aftur undir tengivagninn í stað þess að stöðva til að koma í veg fyrir að tengivagninn félli í þilfarið þar sem búið var að lyfta fótum hans upp.

*Nefndarálit:*

Nefndin telur að orsök slyssins megi rekja til þess að ekki var gengið fyllilega úr skugga um að festing tengivagns væri í læstri stöðu og slasaði reyndi að grípa inn í án þess að gæta fyllsta öryggis.